



Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarstjórn Gardabæjar
Garðatorgi 7
210 Gardabæ

Bæjarskrifstofur Gardabæjar	
Mótt.dags.	20.09.2017
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1709287

Reykjavík, 19. september 2017

Umsókn um styrk til Bæjarstjórnar Gardabæjar

Erindi:

Stjórn Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu leitar hér með til bæjarstjórnar Gardabæjar í von um styrk til starfsemi sinnar í þágu fatlaðra af öllu höfuðborgarsvæðinu.

Það er einlæg ósk okkar að þið sjáið ykkur fært að styrkja félagið um 150 þúsund krónur við gerð fjárhagsáætlunar Gardabæjar fyrir árið 2017.

Um starfsemi félagsins:

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu rekur skrifstofu og félagsheimili að Hátúni 12. Og einnig Krika við Elliðavatn. Félagshimilið og Kriki er ákaflega vel sótt og skrifstofan einnig en til okkar sækja bæði félagsmenn sem og aðrir fatlaðir einstaklingar.

Mikið er leitað til skrifstofunnar eftir allskonar upplýsingum og er reynt að hjálpa öllum eftir föngum. Einnig er mikið leitað til Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu um samvinnu og ýmsar ráðleggingar um málefni fatlaðra, sérstaklega hvað varðar réttindamál fatlaðra.

Skrifstofan hefur um árabíl, í samvinnu við ÍTR, séð um útgáfu afsláttarkorta sem veita öryrkjum og þeim sem samkvæmt læknisráði þurfa að stunda sund, frítt í laugarnar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fá handhafar kortanna frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Félagshimilið er opið þrjú til fimm kvöld í viku. Einnig eru haldin mörg námskeið og eru þau vel sótt af félagsmönnum og öryrkjum hér úr nágrenninu, (ÖBÍ húsunum). Við erum með Bingó, UNO spil, félagsvist, skák og Kósí saman sem hefur stækkað og dafnað, og er gaman að segja frá því að þar koma saman konur jafnt sem karlar. Kósí saman er tvo daga í viku hjá okkur og er yfirleitt mjög kátt á hjalla. Félagstarf okkar hefur hjálpa mögum að koma sér út úr félagslegri einangrun.

Einnig erum við aðilar að Samveru og súpu en það er samvinnuverkefni sem snýst um að einstaklingar sem búa við félagslega einangrun geti komið saman og fengið um leið ódýra máltíð.

Hin árlega hlutavelta og kaffisala Sjálfsbjargar er haldin fyrstu helgina í desember og er alltaf ákaflega vel sótt. Að undirbúningnum koma eingöngu sjálfboðaliðar, félagsmenn í Sjálfsbjörg og leggja fram ómælda vinnu til að allir megi gera sér glaðan dag.

Undanfarin ár hefur verið haldinn Haustfagnaður í samvinnu við Íþróttafélag fatlaðra og tekist afskaplega vel og færri komist að en viljað, einnig er árlega haldið þorablót við góðan orðstír.

Aðalfundur er haldinn að vori samkvæmt lögum félagsins, þar eru endurskoðaðir reikningar lagðir fram, kosið í stjórn og nefndir og önnur aðalfundarstörf.

Einnig eru haldnir almennir félagsfundir tvisvar til þrisvar á ári með fræðslu og uppbyggilegu umræðuefni eða málefnum líðandi stundar.

Félagið er ekki á föstum fjárlögum og þarf því að treysta á velvilja bæjarfélaga, fyrirtækja og almennings til að geta haldið starfsemiinni gangandi.

Kriki sumarhús okkar við Elliðavatn er opið frá byrjun maí til september lokar, hann er opin alla daga og er hann mannaður með sjáboðaliðum svo að gesti sem til okkar koma geti notið útiveru og aðstöðu inni. Það er orðinn fastur liður að hafa hátíð í Krika um Verslunarmannahelgina og einnig sjá sjálfboðaliðar um að hafa bátadag einu sinni að sumri.

Kriki er þó nokkuð notaður af öðrum en okkar félagsmönnum, t.d. hafa ýmis sambýli, geðfatlaðir, klúbburinn Geysir, Hitt húsið og aðrir einstaklingar og/eða hópar fengið húsið lánað til að geta nýtt þá einu aðstöðu sem í boði er fyrir fatlaða að geta notið útiveru þar sem aðstaða er með góðu aðgengi. Það er gaman að segja frá því að í sumar var en eitt metið í komu gesta í Krika slegið. Enda er Kriki "PARADÍS Á JÖRD" eins og gestir Krika segja.

Eins og komið hefur fram þá er mikil starfsemi á vegum Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og mæðir töluvert á stjórn félagsins. Án sjálfboðavinnu þeirra væri ekki hægt að reka jafn öfluga starfsemi og nú er.

Einungis eru tveir launaðir starfsmenn í vinnu á skrifstofu og erum þeir báðir í hlutastarfi

Hér að ofan eru talin upp helstu verkefni okkar en þau eru mun fleiri eins og gefur að skilja, það er því ljóst að mikil starfsemi og gröska er í félaginu og öll rekin í sjálfboðavinnu.

Virðingarfyllt

Anna Kristín Sigvaldadóttir

fh. Sjálfsbjargar- og höfuðborgarsvæðinu

Kt. 570269-1199
Anna Kristín Sigvaldadóttir
Stúdíó 12, 105 Reykjavík
Sími 551 7868 • Fax 551 7840
Skrifstofustjóri skrifstofa@sjalfsbjargur.is

skrifstofa @ sjalfsbjargur.is